

**Ed.**

**213. Frumvarp til laga**

[145. mál]

um breyting á lögum nr. 70 31. desember 1977, sbr. lög nr. 9 12. apríl 1977 og lög nr. 95 31. desember 1975, um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

**1. gr.**

1. gr. laga nr. 70/1977 orðist svo:

1. Á árinu 1979 skulu skattstjórar leggja á sjúkratryggingagjald.
2. Gjaldstofn sjúkratryggingagjalds skal vera hinn sami og gjaldstofn álagðra útsvara 1979, skv. 1., 2. og 3. mgr. 23. gr. laga nr. 8 18. maí 1972, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, þó að frádregnum:
  - a. bótum samkvæmt II. og IV. kafla laga nr. 67 20. apríl 1971 með síðari breytingum;
  - b. námsfrádrætti er skattstjóri ákveður vegna þeirra er stunda nám í a. m. k. sex mánuði á árinu;
  - c. lækkunum skattgjaldstekna er skattstjóri ákveður samkvæmt 52. gr. laga nr. 68 15. júní 1971 með síðari breytingum;
  - d. í viðbót við þær fjárhæðir elli- og örorkulífeyrisbóta, sem frá eru dregnar samkvæmt a-lið þessa töluliðs, skal draga frá hjá þeim einstaklingum, sem nutu elli- og örorkulífeyris á árinu 1978 450 000 kr. og hjá hjónum 750 000 kr.

3. Skal gjaldið vera 1.5% af fyrstu 3 450 000 kr. af gjaldstofni en 2% af því sem umfram er hjá einstaklingi og hjónum telji þau fram hvort í sínu lagi. Hjá hjónum, sem samsköttuð eru, skal gjaldið vera 1.5% af fyrstu 4 600 000 kr. af gjaldstofni en 2% af því sem umfram er.

Sjúkratryggingagjald skal álagt í heilum hundruðum króna þannig að lægri fjárhæð en 100 krónum skal sleppt.

4. Um álagningu og innheimtu þessa gjalds skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt samkvæmt lögum nr. 68 15. júní 1971, með síðari breytingum.
5. Við ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins um framlag ríkissjóðs til sjúkrasamlaga skal tekið tillit til þess gjalds, sem um ræðir í 1.-4. tl. þessa ákvæðis, til hlutfallslegrar lækkunar á framlagi ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir því að á árinu 1979 verði lagt á sjúkratryggingagjald með sama hætti og gert var á grundvelli ákvæða laga nr. 70/1977 á árinu 1978. Er í fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir að álagt gjald muni nema um 6 350 m.kr. er gæfi 5 600 m.kr. í innheimtar tekjur ríkissjóðs.

Með 2. gr. laga nr. 103/1978 er gefið vilyrði um að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir lagasetningu er felir í sér lækkun skatta og gjalda af lágtekjufólki sem metnar eru 2% af verðbótavísitölu þeirri sem gildir fram að 1. desember 1978 og þá miðað við skattalækkun frá forsendum fjárlagafrumvarps. Tillögur ríkisstjórnarinnar um skattalækkun þessa eru tvíþættar. Annars vegar er lagt til að skattvísitala hækki frá því sem ráð var fyrir gert í fjárlagafrumvarpinu en hins vegar er lagt til að sjúkratryggingagjald lækki og felst sú lækkun í lagafrumvarpi þessu. Til að tryggja að lækkun sjúkratryggingagjalds komi lágtekjufólki og þeim er hafa lágar miðlungs-tekjur fyrst og fremst til góða er lagt til að sjúkratryggingagjald verði stighækkandi, þannig að 1.5% leggist á gjaldstofn hjá einstaklingum allt að 3 450 þús. kr. en á gjaldstofn hjóna allt að 4 600 þús. kr. Af gjaldstofni umfram fyrrgreind mörk verði gjaldið 2% en hingað til hefur það numið 2% af öllum gjaldstofninum. Auk þess er lagt til í frumvarpi til laga um breyting á tekjuskattslögum, sem lagt er fram samhliða frumvarpi þessu, að ónýttur persónuafsláttur gangi til greiðslu sjúkratryggingagjalds áður en hann gengur til greiðslu útsvars. Er það ákvæði nýmæli í lögum. Ætla má að þessar breytingar rýri innheimtar tekjur ríkissjóðs af sjúkratryggingagjaldi um 1 450 milljónir króna frá því sem áætlað var í fjárlagafrumvarpi, þannig að tekjur ríkissjóðs af gjaldinu verði 4 150 m.kr. í stað 5 600 m.kr. sem áætlað var. Af þessum 1 450 m.kr. ganga 1 250 m.kr. til lækkunar gjaldhlutfalls á lágtekjur en 200 m.kr. ganga til þess að láta ónýttan persónuafslátt mæta sjúkratryggingagjaldi.